

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 120/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2006 frá 2. júní 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/752/EB frá 24. október 2005 um að koma á fót hópi sérfræðinga um rafræn viðskipti ⁽²⁾.
- 3) Nauðsynlegt er að færa tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB ⁽³⁾, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/709/EB ⁽⁴⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB ⁽⁵⁾, sem standa nú í kaflanum „Gagnavernd“, í kaflann „Þjónusta upplýsingasamfélagsins“ í XI. viðauka við samninginn.
- 4) Í XI. viðauka við samninginn er að finna gerðir sem eru orðnar úreltar og því er óhætt að fella úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 5k (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/98/EB):

„5l. **399 L 0093:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93 frá 13. desember 1999 um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir (Stjtið. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Á eftir orðinu „alþjóðastofnana“ í c-lið 1. mgr. 7. gr. komi orðin „eða milli EFTA-ríkis og þriðju landa eða alþjóðastofnana“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 8, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 44, 7.9.2006, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 282, 26.10.2005, bls. 20.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 289, 16.11.2000, bls. 42.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

- b) Við aðstæður, sem um getur í 2. mgr. 7. gr., skulu samningsaðilar láta hver öðrum í té upplýsingar, og hafa samráð innan sameiginlegu EES-nefndarinnar ef farið er fram á slíkt.
- c) Í hvert sinn sem bandalagið semur við þriðja land um markaðsaðgang fyrir fyrirtæki í bandalaginu á grundvelli 3. mgr. 7. gr. skal það kappkosta að afla fyrirtækjum í EFTA-ríkjunum sömu kjara.

5la. **32000 D 0709**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/709/EB frá 6. nóvember 2000 um lágmarksviðmiðanir sem aðildarríkin skulu taka tillit til þegar þau tilnefna aðila í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB um ramma bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir (Stjtíð. EB L 289, 16.11.2000, bls. 42).

5m. **32000 L 0031**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) (Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Við aðstæður, sem um getur í g-lið 1. mgr. 5. gr., skal kenninúmer virðisaukaskatts, að því er EFTA-ríkin varðar, vera númerið sem þjónustuveitanda er úthlutað samkvæmt landslögum.

5n. **32005 L 0752**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/752/EB frá 24. október 2005 um að koma á fót hópi sérfræðinga um rafræn viðskipti (Stjtíð. ESB L 282, 26.10.2005, bls. 20).“

- 2. Texti liðar 5ca (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 710/97/EB), liðar 5cd (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 128/1999/EB), liðar 5g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB), liðar 5ga (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/709/EB) og liðar 5h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2005/752/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.